

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Erindi nr. HH16U146.0058
Dags. 24.02.2017

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 58. mál á 146. löggjafarþingi

Tillaga til þingsályktunar um upptöku samræmdrar vísitölu neysluverðs

Þingsályktunartillaga sú sem hér um ræðir lýtur að því að skipa starfshóp óháðra sérfræðinga sem greini kosti og galla þess að gera breytingar í þá veru að framvegis verði notuð samræmd vísitala neysluverðs (SVN) í stað vísitölu neysluverðs (VNV), í tvennskonar ólíkum tilgangi. Annars vegar við útreikning verðbólgu og hinsvegar við útreikning verðtryggingar, sem í síðarnefnda tilvikinu verður að skilja sem svo að í raun sé átt við að SVN verði lögð til grundvallar verðtryggingu í stað VNV.

Hagsmunasamtök heimilanna benda af þessu tilefni á að Hagstofur Evrópusambandsins og Íslands hafa raunar birt SVN fyrir Ísland allt frá árinu 1996 og er því engin þörf á frekari aðgerðum í því skyni að upplýst verði um þá vísitölu. Samtökin taka enga afstöðu til þess hvor þessarar tveggja vísitalna sé betur nothæf sem vísibending um verðlagsþróun. Reyndar sýnist ekkert vera því til fyrirstöðu að þær verði báðar birtar áfram svo eftir atvikum sé hægt að draga af þeim ályktanir, hvort sem er með eða án tillits til kostnaðar vegna eigin húsnæðis. Þannig væri til dæmis hægt að hafa val um það hvora þeirra sé miðað við allt eftir því hvað á best við í hverju samhengi.

Hvað varðar vísitölu sem grundvöll verðtryggingar, er afstaða samtakanna sú að þau leggjast alfarið gegn verðtryggingu neytendalána og þar á meðal fasteignalána til neytenda. Innan þeirrar afstöðu rúmast hvorki verðtrygging miðað við VNV né SVN og geta samtökin því ekki svarað til um hvora þeirra skuli nota til verðtryggingar (neytendalána) á annan hátt en að hvorug þeirra komi til greina í þeim tilgangi. Ástæða er þó til að benda á að breyting á lögum um vexti og verðtryggingu til að kveða á um notkun SVN í stað VNV gæti ekki haft afturvirk áhrif heldur aðeins til framtíðar. Þar sem ávallt er óvissu háð hvernig húsnæðisverð og annað verðlag muni þróast í framtíðinni er því með öllu óvíst hverjum slík breyting yrði frekar til hagsbóta, lánveitendum eða neytendum. Sem dæmi má nefna að samkvæmt útreikningum samtakanna hefur SVN hækkað meira en VNV ef valinn er upphafspunktur á tímabilinu 2006-2008 eða í aðdraganda fjármálahrunsins. Komið hefur fram að sá þjóðfélagshópur sem fór verst út úr hruninu séu einkum þeir sem tóku verðtryggð lán á þessu tímabili, og má telja að hefði þá verið miðað við SVN, hefði þessi hópur orðið enn verr úti.

Að þessu sögðu er vert að benda á að vísitala neysluverðs í núverandi mynd er afar ógegnisæ þar sem upplýsingar um forsendur hennar og aðferðir við útreikning eru hvergi aðgengilegar. Með vitnisburði deildarstjóra við Hagstofu Íslands í máli Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-338/2013 var staðfest að slíkar upplýsingar séu trúnaðarmál. Þar af leiðandi er jafnframt útilokað að sannreyna niðurstöðurnar og geta þær því ekki talist vera áreiðanlegt viðmið, hvað þá "mælikvarði".

Hagsmunasamtök heimilanna vilja nota þetta tækifæri og vekja athygli á því að á vettvangi Hagstofu Íslands starfa svokallaðir notendahópar og faghópur um verðvísitölur. Í þessum hópum sitja fulltrúar hinna ýmsu stofnana og hagsmunaaðila, þar á meðal fjármálafyrirtækja, en enginn af hálfu neytenda. Í febrúar 2016 sendu samtökin Hagstofu Íslands bréf þar sem óskað var eftir því að þeim yrði gefinn kostur á því að tilnefna fulltrúa í slíka hópa fyrir sína hönd. Á hlaupársdag í sama mánuði barst bréf frá Hagstofunni þar sem sagt var sjálfsagt að verða þeim óskum og fulltrúar samtakanna yrðu boðaðir næst þegar haldinn yrði fundur. Erindið var svo ítrekað um miðjan marsmánuð með nánari skýringum á þeim forsendum sem lágu að baki beiðni samtakanna. Í aprilmánuði barst svar við síðara erindinu þar sem komu fram almennar upplýsingar um fyrirkomulag notendahópa. Eftir þetta hefur notendahópur rannsóknarsamfélagsins fundað í að minnsta kosti eitt skipti og notendahópur greiningaraðila minnst tvisvar sinnum, án þess að Hagsmunasamtökum heimilanna hafi borist fundarboð. Eins og gefur að skilja eru samtökin ekki allskostar sátt við slíka framkomu, og vilja því við þetta tilefni ítreka kröfur sínar um að samtökum sem beita sér í þágu almennings, verði tryggt aðgengi að samráði við stjórnvöld um málefni sem varða hagsmuni almennings, til jafns við talsmenn sérhagsmuna og atvinnurekenda.

Loks ítreka samtökin þá afstöðu sína að í stað þess að velta vöngum yfir því hvort nota skuli þessar eða hinar vísitölurnar sem grundvöll verðtryggingar, ætti mun frekar að leggja áherslu á að afnema verðtryggingu á skuldbindingum neytenda. Frumvarp þessa efnis var lagt fram á 141. löggjafarþingi í mars 2013 (þingskjal 1138 — 640. mál) og endurskoðuð útgáfa þess var afhent hópi sérfræðinga sem var skipaður á síðasta kjörtímabili til þess að útfæra afnám verðtryggingar. Þá var frumvarp byggt á frumvarpi samtakanna um afnám verðtryggingar lagt fram að nýju á 145. löggjafarþingi (þingskjal 741 — 461. mál). Þrátt fyrir þetta hefur ekkert orðið af slíkum fyrirætlunum að svo stöddu. Af því tilefni benda samtökin á að slíka breytingu væri auðvelt að framkvæma, nánast með pennastriki eins og stundum er sagt, og er hér dæmi um einföldustu mögulegu útfærslu þess:

Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Neytendalán og fasteignalán til neytenda, falla ekki undir ákvæði þessa kafla.


Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð


Með frumvarpi þessu er lagt til að verðtrygging neytendalána og fasteignalána verði afnumin. Lagt er til að það verði gert með því að undanskilja slík lán frá þeim heimildum til verðtryggingar sem kveðið er á um í VI. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Það hefði sambærileg áhrif og þegar þau lög tóku gildi og heimildir til gengistryggingar féllu niður, sbr. Hrd. 92/2010 og 153/2010.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is